

Til sveitarstjórnar Djúpavogshrepps

Félagið Ungt Austurland óskar eftir styrk að upphæð 47.200 kr. frá Djúpavogshrepp til starfa vetrarins. Umbeðin styrkuppheð er ákveðin í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.

Í vetur áætla félagið að halda aftur náms- og starfssýninguna *Að heiman og heim* auk þess að halda áfram að standa fyrir öflugum málefnavarfi, ráðstefnum og námskeiðum fyrir félagsmenn. Þá hefur Ungt Austurland verið áfram um að koma að borði opinberra aðila og félagasamtaka sem málsvari ungs fólks.

Ég vil einnig nota tækifærið til þess að hvetja sveitarfélagið til þess að nýta sér mannauð félagsins, til dæmis með því að óska eftir álitum eða fá fulltrúa til fundar um málefni sem snerta ungt fólk. Við erum hér til að reyna að svara hinni sígildu spurningu, *hvað vill unga fólk?*

Með von um áframhaldandi farsælt samstarf
Fyrir hönd Ungs Austurlands
Guðný Helga Grímsdóttir, formaður



Ungt Austurland var stofnað formlega 2017 og er félagasamtök einstaklinga á aldrinum 18-40 ára. Tilgangur félagsins er að gera Austurland að vænlegum búsetukosti fyrir ungt fólk, að styrkja tengslanet ungs fólks á Austurlandi, auðga umræðu um byggðarþróun á Austurlandi og vera öflugur málsvari ungs fólks á Austurlandi.